





Nýting íslenskra orkugjafa í fiskimjölsiðnaði

**Baldur Jónasson
Sigurjón Arason**



 **ORKUSTOFNUN**
Orkusjóður

**Reykjavík
Október 2009**

Efnisyfirlit

1. Inngangur	2
2. Tilgangur, markmið og hráefnið	3
3. Gufun og þurrkun.....	9
3.1. Gufunartæki (soðkjarnatæki)	9
3.1.1. Rafknúin gufunartæki (MVR).....	14
3.2. Þurrkun og þurrkarar	15
3.2.1. Þurrkun.....	16
3.2.2. Þurrkararnir	17
3.2.3. Heitloftsþurrkarar - Eldþurrkarar, loftþurrkarar og Dyno-Jet þurrkarar	18
3.2.4. Gufuþurrkarar	19
3.2.5. Meðhöndlun lofts frá þurrkurum	21
4. Notkun á hermilíkönnum í fiskimjölsvinnslu	22
4.1 Líkanið	23
5. Niðurlag	25

1. Inngangur

Verkefnið fólst í forhönnun á vinnsluhermi fiskimjöls með áherslu á orkunotkun og nýtingu. Verkefnið var unnið sem samstarfsverkefni hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Tækniháskóla Íslands en það hefur þróast þannig að verkefnið var unnið alfarið af Baldri Jónassyni og Sigurjóni Arasyni ásamt nemendum þeirra við HÍ, THÍ, HR og HA og að lokum þróaðist vinnan þannig að verkefnið var unnið mikið af Sigurjóni Arasyni hjá Matís og Baldri Jónassyni.

Nýting jarðhita í fiskimjölsiðnaði var skoðuð. Notkun jarðvarma var borin saman við hefðbundna orkugjafa í vinnslueiningum í fiskimjölsverksmiðjum.

Mismunandi vinnslurásir voru settar upp í líkan, þar sem unnt var að raða saman mismunandi tækjum og búnaði og bera saman mismunandi vinnsluferli og mismunandi orkuferli fyrir mismunandi aðferðir. Raf- og varmanotkun í fiskimjölsiðnað var skoðuð. Nýting orkugjafa. Áhrif mismunandi orkugjafa á vinnsluferlið. Umhverfisáhrif orkugjafa voru borin saman. Gert var arðsemislíkan sem metur framleiðslukostnaður við mismunandi aðferðir.


Ýmsar fisktegundir, sem ekki eru nýttar til manneldis, eru unnar í mjöl og lýsi og má rekja upphaf vinnslu á mjöl og lýsi í þeirri mynd sem nú þekkist til upphafs 19 aldarinnar, en þá hófst vinnsla á lýsi úr síld í Norður Evrópu og Norður Ameríku. Lýsið var notað sem orkugjafi en mjöli sem af gekk var annað hvort hent eða það nýtt til áburðar. Fyrstu heimildir um mjöl- og lýsisvinnslu hérlendis eru frá 1910, en þá hófst síldarbræðsla á Siglufirði. Notast var við trékör sem voru fyllt af síld og þau síðan hituð með beinni gufun. Vökvasinn var pressaður frá með dúkappressu og lýsið hirt, en mjölið notað til áburðar.

Nú eru um 11 fiskimjölsverksmiðjur starfandi á Íslandi og eru þær flestar búnar fullkomnum vinnslulínunum sem byggjast að miklu leyti á sjálfvirkni, sjá mynd 1.

Reykjavík, 28. október 2009

Baldur Jónasson

Sigurjón Arason



Mynd 1. Fjöldi og staðsetning fiskimjölsverksmiðja á Ísland.

Markmið verkefnisins er að hámarka orkunýtingu og hámarka nýtingu hráefnis og gæði afurða. Fræðsla um vinnslurásir fiskimjölsvinnslu. Fræðsla um orkupörf, orkunotkun, orkunýtingu mismunandi vinnsluaðferða. Orkusparnaður. Bætt umhverfisáhrif með nýtingu innlendra orkugjafa.

2. Tilgangur, markmið og hráefnið

Megin tilgangurinn með framleiðslu á mjöli og lýsi er nýting á fisktegundum sem að öllu jöfnu eru ekki nýttar til manneldis. Mjölið er að langmestu leyti nýtt sem próteingjafi í dýrafóður, en lýsið er nýtt sem orkugjafi í fiskeldisfóðri. Aukning á fiskeldi víða um heim hefur orsakað aukna eftirspurn eftir þessum afurðum, en einnig hafa einstakir markaðir vaxið mjög hratt, eins og t.d. markaðir fyrir gæludýrafóður.

Frá því um 1970 hefur loðna verið mikilvægasta hráefni Íslendinga hvað varðar vinnslu á mjöli og lýsi, en aðrar mikilvægar tegundir eru síld og kolmuni. Kolmunnir, makrill, loðna og síld eru langmikilvægustu fisktegundirnar hvað varðar verðmæti þessara afurða, með um 95% hlutdeild í útflutningsverðmæti á mjöli og lýsi frá Íslandi.

Skipta má fiskimjölsframleiðslu í tvo meginflokkka. Hvít fiskimjölsframleiðsla styðst við magurt hráefni, s.s. úrgang sem til fellur við vinnslu á þorski, ýsu og ufsa. Feit fiskimjölsframleiðsla styðst aftur á móti við feitt hráefni, eins og síld, karfa og loðnu. Þessi tegund mjölsframleiðslu er mun viðameiri en hvít fiskimjölsframleiðslan. Það fer síðan eftir því

hvort viðkomandi fisktegund safnar fituforðanum í bók eða lifur hvort unnið sé búklýsi eða lifrarlýsi. Síld, makrill og loðna safna fitu í bók (feitfiskur), en tegundir eins og spærlingur og kolmurni (magur fiskur) safna fitu í lifrina eins og venjan er hjá þorskfiskum. Þorskalýsi er unnið lýsi sem hefur verið brætt úr þorskalifur, en hún hefur verið hirt sérstaklega til þeirrar vinnslu.


Nýting á hráefni sem fellur til við fiskvinnslu hefur oft verið vandamál og valdið verulegri mengun í nágrenni slíkra vinnslustöðva. Á móti kemur að fiskimjölsværksmiðjur gegna mikilvægu hlutverki í fiskvinnslu, þar sem úrgangur eins og hryggir, roð og slóg, ásamt ýmsu öðru sem til fellur, er tilvalið hráefni fyrir þessar værksmiðjur. Með nýtingu þessa úrgangs sem annars væri hent er þannig stuðlað að aukinni verðmætasköpun, bættri umgengni og minni mengun.

Framleiðsluferlið

Framleiðsla á fiskimjöli og lýsi er lotubundin en framleiðsluferlið sjálft er samfelld vinnsla. Fiskimjölsværksmiðjur eru þannig útbúnar að allur vinnsluferillinn er lokaður, allt frá uppskipun að þökkun mjöls í sekki eða dælingu lýsis í tanka. Einu undantekningarnar eru þar sem hægt er að opna rásina fyrir sýnatöku vegna framleiðslueftirlits. Hefðbundið gæðaeftirlit við framleiðslu á mjöli og lýsi er byggt á reglulegum sýnatökum fyrir og á meðan á framleiðslu stendur en öllum framleiðsluaðilum er skylt að starfa samkvæmt innra eftirlitskerfi.

Gæði hráefnisins er sá þáttur sem ræður gæðum lokaafurðarinnar. TVN gildi (Total volatile nitrogen) er notað í fiskimjölsiðnaðinum til að meta gæði hráefnisins. Fiskimjölsiðnaðurinn hefur gjarnan miðað framleiðslu gæðamjöls við TVN gildi undir 50mgN/100g í hráefninu. Ef TVN gildið er um eða yfir 90mgN/100g hefur afurðin verið nefnd standardmjöl. Hitastigseftirlit er mikilvægur þáttur í framleiðsluferlinum. Til að koma í veg fyrir að örverur eins og Salmonella spp. finnist í mjöli er nauðsynlegt að allt efnið sé hitað í minnst 81 °C í vinnsluferlinum.

Við framleiðslu á fiskimjöli og lýsi eru þrjár megin þættir fisksins aðskildir, vatn, þurrefni og olía. Vökvasinn er pressaður burt og úr honum er olían síðan unnin með skilvindutækni. Sá vökvi sem eftir er gufar að lang mestu leyti upp áður en lokaafurð verður til.



Mynd 2. Vinnslurás í hefðbundinni fiskimjölverksmiðju.

Forhitun og sjóðari

Fyrsta vinnsluskrefið í framleiðslu á fiskimjöli, eftir dælingu úr skipi eða hráefnisgeymslu, er sjóðari og í mörgum tilfellum forhitun. Flestar verksmiðjur eru búnar forhitara sem forhitara hráefnið upp í 40 til 50 °C. Varminn í þessu skrefi er gjarnan afgangsvarmi frá eimingartækjum en þannig næst um 100% varmanýting. Í sjóðaranum er hráefnið, ásamt blóðvatni, hitað í minnst 82 °C (algennt hitastig er 90-95 °C) og er hitanum haldið í um það bil 30 mínútur. Tilgangurinn með hituninni er að eyða hugsanlegum örverum eins og Salmonellu og öðrum bakteríum sem kunna að vera til staðar í hráefninu. Við hitunina afmyndast próteinin ásamt því sem frumuveggir eyðileggjast. Við þessa eðlissviptingu losnar um fitu og vatnsfasann sem auðveldar aðskilnað þeirra frá þurrefnisfasanum. Sjóðarinn samanstendur af láréttum sívalningi og snigli sem gengur eftir honum endilöngum og sér um að færa hráefnið áfram. Bæði sívalningurinn og snigillinn eru útbúnir með gufukápu og er hráefnið hitað með varmaskipti á milli yfirborðanna og hráefnisins. Sjóðarinn er nauðsynlegt skref á undan forsíu og pressun.

Forsíun og pressa

Tilgangurinn með forsíun er að sía burt sem mest af vökvanum frá soðna hráefninu áður en það fer í pressuna. Tvöföld skrúfutækni sér um að pressa og færa hráefnið eftir pressunni. Skrúfurnar liggja lárétt eftir pressunni og snúast á móti hver annari. Pressuþrýstingurinn eykst eftir því sem hráefnið færast innar í pressuna þar sem skrúfurnar fara mjókkandi.

Hráefnið er pressað á milli skrúfanna en vökvinn lekur niður í gengum sigtunarbúnað og í safntank, þar sem það blandast aftur þeim vökva sem síðast burt í forsiunni. Þessi hluti kallast nú pressuvökvi. Pressaða hráefnið, sem nú kallast pressukaka, flyst áfram út úr pressunni í átt að þurrkara. Hefðbundið fituinnihald pressuköku er gjarnan um 4 til 5% og rakainnihald um 45 til 60% og afgangurinn er fitufrítt þurrefni sem er megin innihaldsefni mjölsins.

Mjölskilvinda

Í forsiunni og pressunni skiptist megin straumurinn í tvo hluta, þ.e. pressuvökva og pressuköku. Hve mikið af föstum ögnum (uppleyst prótein, saltagnir og uppleystar agnir) og þykki er í pressuvökvanum fer eftir hversu hráefnið var uppleyst þegar vinnslan hófst. Pressuvökvinn er gjarnan 70 til 80% og pressukakan 20 til 30% af heildarstrauminum sem kemur frá pressunni. Pressuvökvinn er hitaður í 95 til 98 °C áður en hann fer inn í mjölskilvinduna. Stærsti hluti fastra agna er skilinn frá pressuvökvanum í mjölskilvindunni.

Mjölskilvindan er byggð upp með tveimur láréttum tromlum sem hafa mismunandi þvermál. Fasta efnið festist á vegg þrengri tromlunnar en vökvinn pressast út í bilið milli tromlanna og þaðan áfram út úr skilvindunni í átt að gróf- og síðar finskilvindum. Fasta efnið er síðan skafið af veggjum minni tromlunnar og flyst úr henni í átt að þurrkara. Meðalefnainnihald fasta efnisins er 2 til 4% fita og 60 til 70% raki, en afgangurinn er fitufrítt þurrefni. Eftir skiljuna kallast fasti hlutinn hrat en vökvafasinn kallast skilinn pressuvökvi eða soðlýsi.

Grófskilvindur

Soðlýsinu frá mjölskilvindunum er safnað í tank og hitað í 95 til 98 °C áður en það fer í grófskiljun (soðskilvindu). Grófskilvindur eru gjarnan röð af skilvindum þar sem megnið af lýsinu er skilið frá soðinu. Efnainnihald soðsins er venjulega um 6 til 12% þurrefni (aðallega uppleyst prótein) og 0,5-1% fita. Soðið flyst að eimingartækjunum þar sem 60-80% vökvans er eimað burt en lýsisfasinn flyst í átt að lýsisstilvindu.

Fínskilvinda

Áður en lýsinu er dælt í geymslutanka fer það í gegnum finskiljun (lýsisstilvindu) þar sem leifar af óhreinindum og vatni eru síðar frá. Eftir finskiljun eru óhreinindi og vatnsleifar í lýsinu minni en 0,5%. Eftir finskiljun flyst lýsið í geymslutanka og er tilbúið í dreifingu.

Gufunarskref (Eimingarskref).

Soðfasinn, sem skilst burt í grófskiljunarferlinum, inniheldur talsvert af vítamínum og próteinum en þó ekki í sama magni og pressukakan. Allt að 60 til 80% af vatnsfasanum í soðinu er eimaður burt, en eftir stendur kjarni með um 55 til 75% vatnsinnihald og 2 til 4% fituinnihald. Kjarninn frá eimingartækjunum flyst að þurrkara þar sem hann blandast saman við pressukökuna áður en sjálft þurrkferlið hefst.

Gufunartækin eru gjarnan byggð upp sem þriggja þrepa kerfi, þar sem afgangsvarmi frá þrepinu á undan er nýttur til að hita upp næsta þrep og svo koll af kolli. Slíkt kerfi tryggir tvennt: Annars vegar verður varmanýtingin allt að 100%, þar sem afgangsvarmi frá seinasta þrepinu (í formi gufu) er nýttur til að forhita hráefni sem er á leið inn úr hráefnistönkum að sjóðaranum (forhitarinn) og hins vegar verður meðferð á hráefninu m.t.t. afmyndunar á próteinum eins og best verður kosið.

Hitastigið í fyrsta þrepinu, þar sem soðið kemur inn, er hæst en á því þrepi er vökvamagnið mest og virkar sem vörn fyrir próteinin í soðinu þannig að þau þola meiri hita. Með minnkandi vatnsmagni verða próteinin í soðinu viðkvæmari gagnvart hitun, þar sem vatnsinnihald soðsins fer minnkandi. Á næstu tveimur þrepum fer hitastigið lækkandi og þar að auki er gjarnan haft lofttæmi á þriðja og síðasta þrepinu til að hámarka nýtingu varmans. Hráefnið sem flyst frá eimingartækjunum kallast kjarni.

Blöndun

Áður en að þurrkanum kemur á sér stað blöndun á straumunum þremur, kjarnanum frá eimingartækjunum, pressukökunni frá pressunni og hratinu frá mjölskilvundinni. Þessum straumum er blandað saman í blöndunartanki, sem staðsettur er fyrir framan þurrkarann. Í sumum tilfellum er kjarnanum einnig blandað saman við hálfþurrkað mjölið.

Þurrkun

Í fiskimjölsiðnaðinum eru notaðar eldþurrkarar, loftþurrkarar og gufuþurrkarar. Notkun á eldþurrkurum fer þó minnkandi, þar sem bæði loft og gufuþurrkarar skila auknum gæðum í lokaafurð ásamt því að vera hagkvæmari í rekstri með tilliti til umhverfismengunar, orkunotkunar og vinnslustjórnunar. Hér verður fjallað um þurrkun á mjöli í loftþurrkara.

Í nýrri afbrigðum loftþurrkara eru tvö þrep, forþurrkun og þurrkun. Í forþurrkanum, sem samanstendur af litlu rými með snúningsrótor, myndast aðstæður fyrir mikil og hröð loftskipti (allt að 20m³/sek). Snerting pressukökunnar og þurrkloftsins verður mjög mikil og veldur hraðri uppgufun vatns úr pressukökunni. Pressukakan flyst yfir í aðalþurrkarann um 80 °C heit. Í loftþurrkun er hitað loft notað til þurrkunar og snúningstromla er meginhluti þurrkarans. Hér er í raun um óbeina loftþurrkun að ræða, þar sem hitagjafinn er ekki í beinni snertingu við þurrkloftið. Þurrkloftið er hitað í varmaskipti áður en því er hleypt í gegnum þurrkarann. Á ferð sinni eftir þurrkanum safnast óhreinindi í það.

Óhreint loft sem kemur úr þurrkanum er hreinsað í þvottaturni og þurrkað áður en því er hringrásað. Þetta er gert til að minnka loftskipti við umhverfið (verksmiðjurýmið). Einn meginkosturinn við þessa þurrkaðferð er að hægt er að brenna nær öllum eldsneytisgjöfum. Hægt er að stýra upphafshitastigi loftsins, allt eftir þeim kröfum sem gerðar eru til þurrkunarinnar.

Ferðatími mjölsins í gegnum þurrkarann er að meðaltali 10 mínútur, lofthitinn í upphafi er 300 til 400 °C og um 65 til 75 °C í lokin. Hitastig mjölsins er um 10 °C lægra en lofthitinn eða um 50 til 60 °C.

Mjólkælir

Strax á eftir þurrkanum er mjólkælir. Þar sem mjölið, sem streymir úr þurrkanum, inniheldur mikla vatnsgufu er nauðsynlegt að kæla það hratt niður til að koma í veg fyrir þéttingu rakans í því. Köldu lofti er blásið eftir mjölstraumnum og er hitastig mjölsins eftir kælingu um 28 til 30 °C. Vatnsinnihald mjölsins lækkar um 1 til 2% við kælinguna. Loftið frá mjólkælinum inniheldur mikið af illa lyktandi, rokgyörnum efnum og því er það leitt inn í lofthreinsikerfi verksmiðjanna. Við kælingu eykst floteiginleiki mjölsins, sem gerir meðhöndlun þess í kvörnun, sigtun og þökkun auðveldari.

Sigtun og kvörnun

Vinnsluferillinn og hráefnið sem notað er ræður miklu um kornasamsetningu mjölsins eftir þurrkun. Áður en mjölið fer í gegnum kvörn er fínkornaði hluti þess sigtaður frá en grófkornaði hlutinn fer í kvörnun. Að lokinni kvörnun hefur framleiðslulotan einsleita kornastærð.

Blöndun og geymsla.

Úr sigtun og kvörnun flyst mjölið í mjölblöndunartanka. Þar sem mjölvinnsla er lotubundin er nauðsynlegt að blanda saman mjöli, framleiddu á einum sólarhring, til að ná fram einsleitari afurð hvað varðar gæði.


Verkefnið

Verkefnið felst í forhönnun á vinnsluhermi fiskimjöls með áherslu á orkunotkun og nýtingu. Gert verður reiknilíkan, sem hermir vinnsluferla fiskimjölsverksmiðju og gert líkan að orkunotkun ferilsins.

Nýting jarðhita í fiskimjölsiðnaði er skoðuð. Notkun jarðvarma er borin saman við hefðbundna orkugjafa í mismunandi vinnslueiningum í fiskimjölsverksmiðjum.

Mismunandi vinnslurásir eru settar upp í líkaninu, þar sem unnt er að raða saman mismunandi tækjum og búnaði og bera saman mismunandi vinnsluferli og mismunandi orkuferli fyrir mismunandi aðgerðir. Þessi hermir mun nýtast við hönnun á vinnsluferlum með frostþurrkun. Frostþurrkun er mikið notuð við þurrkun á matvælum sem síðan eru notuð sem hráefni í önnur samsett matvæli. Sem dæmi má nefna að mikið magn af íslenskri rækju er flutt út, frostþurrkuð og notuð á þann hátt. Frostþurrkun er notuð við framleiðslu á ákveðnum lífefnum og mun íslenski líftæknaíðnaðurinn framleiða efni eins og próteinduft, kítósan, gelatín og lífvirk efni úr aukahráefnum. Með nýtingu á jarðgufu við frostþurrkun mun framleiðslukostnaðurinn lækka til muna.

Raf- og varmanotkun í fiskimjölsiðnaði. Eins og sést vel af mynd 1 er orkukostnaðurinn við framleiðslu fiskimjöls stórt hlutfall af heildarkostnaðinum.



Mynd 3. Skipting aðfanga við fiskimjölsframleiðslu; Hagstofan 2002.

Við framleiðslu á fiskimjöli er notuð mikil gufa, sem var framleidd að miklu leyti með olíu en nú er algengara að nota rafmagn til framleiðslu á gufu. Við framleiðslu á einu tonni af mjöli þarf 3.000 kg af gufu í góðri verksmiðju eða um 200 kg af olíu og jafngildir það um 50.000 tonnum af olíu á ári, ef landsframleiðslan er um 250 þúsund tonn af fiskimjöli á ári. Hér er miðað við að verksmiðjan hafi gufuþurrkara og þriggja þrepa gufara.

Verksmiðja sem afkastar um 1.000 tonnum af hráefni á sólarhring notar um 40 tonn af olíu á sólarhring. Miðað við þessar forsendur er olfukostnaðurinn um 5 milljónir á dag (olíuverð 120 kr) sambærilegur kostnaður ef verksmiðjan notar rafmagnskatla er 1,2 milljón (rafmagnsverð 3,5 kr á kWst) og um 0,3 milljón ef notuð er jarðgufa (verð á jarðgufutonni er 600 kr.). Mikilvægt er að kanna möguleika á nýtingu jarðgufu við þessa vinnslu í landi, þar sem skipin eiga erfitt með að skipta yfir í innlenda orku.

3. Gufun og þurrkun

Mesta orkunotkunin í fiskimjölsvinnslu er við gufun og þurrkun hráefnis við framleiðslu á fiskimjöli. Hvernig til tekst við sparnað á orku og lækkun kostnaðar ræðst mikið af þróun í þessum tveimur vinnslueiningum. Þess vegna er þessum vinnsluþrepum gerð ítarlega skil í þessum kafla.

3.1. Gufunartæki (soðkjarnatæki)

Soðið samanstendur af vatnsleysanlegum próteinum, uppleystum steinefnum, fínum ögnum og fitu. Þegar lýsið hefur verið skilið frá getur efnainnihald soðsins verið eitthvað þessu líkt

þótt það sé mjög breytilegt bæði eftir hráefni og verksmiðjum, sjá töflu 1 sem sýnir dæmigert efnainnihald fyrir soð í loðnuvinnslu.

Tafla 1. Efnainnihald soðs:

fitufrítt þurrefni:	6-9%, þar af ull. um 5-8%
fita	0,5 - 1%
aska	0,9%
salt (NaCl)	0,5%
kalsium (Ca)	0,03%
fosfór (P)	0,1%
vatn	90 - 93%

Þurrefnisagnimar brotna auðveldlega niður við upphitun og það veldur seigju í vökvanum. Seigjan eykst venjulega við lengri geymslu en það er þó ekki einhlítt þar sem ný loðna veldur meiri seigjuvandamálum en loðna sem byrjuð er að brotna niður.

Þurrefnið inniheldur m.a. kollagen sem er prótein, og myndar það auðveldlega hlaup. Hátt kollageninnihald veldur mikilli seigju en hún veldur erfiðleikum við þykkun. Erfiðara er að dæla efninu og það þarf að hreinsa tækin oftar.

Sölt eins og NaCl, CaCl₂ og fleiri valda svipuðum vandamálum og kollagen. Við uppgufunina myndast hvítt efni sem sest á hitaflötina og dregur úr varmaflutningnum og um leið afköstum tækjanna. Ef hitastig er hátt getur orðið erfitt að ná þessari skán af hitaflötunum. Við val á hitastigum er vert að hafa í huga að skán kemur fljótt á hitaflötina ef hitamunur er meiri en 40°C yfir hitaflötina.

Soðkjarninn inniheldur vítamín og fleiri bætiefni ásamt próteinum sem gera hann verðmætan. Próteinin í soðkjarnanum eru þó mun verðminni en prótein í pressuköku út frá fódurfræðilegu sjónarmiði.

Áður fyrr var soðinu blandað beint í pressukökuna fyrir framan þurrkara en hluta af því hent. Sami háttur tíðkast í þeim verksmiðjum sem hafa ekki soðkjarnatæki. Það er hinsvegar dýrari aðferð heldur en að þykkja soðið sérstaklega í gufunartækjum í nokkrum þrepum. Notkun þeirra hófst um 1950.

Áður fyrr var nokkur markaður fyrir soðkjarna sem var sýrður og fluttur þannig út. Soðkjarninn var einnig þurrkaður sérstaklega í úðaþurrkurum og seldur sem sérstakt soðkjarnamjöl. Soðkjarnamjöl er mjög rakasækið og erfitt í meðförum. Þessir markaðir eru nú nánast úr sögunni.

Nú er algengast að soðkjarninn sé þykktur í u.þ.b. 30% fyrir loðnuvinnslu í 3ja til 4ra þrepa uppgufunartækjum og svo blandað í pressukökuna rétt fyrir framan þurrkara. Það er mjög

misjafnt frá verksmiðju til verksmiðju hvað soðkjarninn er þykktur mikið en þykkingu er hætt þegar seigjan er orðin hæfileg í kjarnanum. Hve hátt er farið í þurrefni er háð vinnsluferli, hitastigi, hráefnistegund, hráefnisaldri, tegund tækja o.fl. Þeim mun minna sem þykkt er í tækjunum því meiri orku þarf í þurrkurum og þeim mun minna geta þeir afkastað. Þurrkararnir eru oft keyrðir með of háu þurrkhitastigi til þess að halda afköstunum sem mestum.

Tafla 2. Gufunotkun í mismunandi stórum gufunartækjum


	Fjöldi gufuþrepa:			
	1	2	3	4
Gufunotkun*	1	0,67	0,42	0,29

*Gufunotkun í (kg gufu)/(kg eim)

Ef gufa á upp vökva þá þarf til þess orku. Til að gufa eitt kg af vatni þarf um 2260 kJ (539 kcal); það kallast uppgufunarvarmi vatns. Til samanburðar þarf aðeins um 420 kJ (100 kcal) til að hita sama vatn úr 0 í 100 °C. Uppgufun gerist hratt við suðumark vatns og suðumarkið er háð þrýstingi. Suðumark er 100 °C við eina loftþyngd en ef þrýstingur er fyrir neðan eina loftþyngd lækkar suðumarkið en hækkar ef hann fer upp fyrir eina loftþyngd. Til þess að hafa réttan mun á suðumarki og hitastigi varmaflata er suðumarkinu stýrt með þrýstingnum inni í gufunartækjunum. Óæskilegt er að hafa hitastigsmismun á milli soðs og gufu meiri en 40 °C.


Við uppgufun á einu kg af vatni er notað 1 kg af kraftgufu. Vatnið sem gufaði upp má svo nota til að gufa annað kg í öðru þrepi og svo koll af kolli. Forsenda þess að þetta sé hægt er að hitamunur sé á milli þrepanna. Það er gert með því að notfæra sér þrýstinginn, þ.e. suðumarkið í þrepunum. Venjulega er hitamunur á milli þrepa 10-15 °C.

Ekki er hægt að hafa óteljandi fjölda þrepa. Í fyrsta lagi má hitastigið ekki vera of hátt í fyrsta þrepi og til að minnka stærð hitaflata verður hitamunurinn milli þrepa að vera þó nokkur. Þegar þrýstingurinn er orðinn mjög lágur verður rúmmál gufunnar það mikið að þúpur verða að vera mjög víðar til að flytja hana. Í gufunarstöðvum sem vinna vatn úr sjó er hægt að hafa ótal þrep og þekkjast fleiri tugir þrepa við þess háttar vinnslu.



Mynd 4. Gufunartæki af stiggerð


Á mynd 4 er sýnt eitt uppgufunarþrep í tækjum af svokallaðri stiggerð. Soð eða þykkni er leitt inn í tækin undir varmaflötunum. Þaðan stígur það upp eftir rörunum og fær í sig orku frá gufunni eða eimnum sem er utan um rörin. Breytingar í eðlisþyngd eiga stærstan þátt í því að efnið stígur í rörunum. Uppgufunin verður efst í rörunum og í tanknum sem heldur uppi vökvaborðinu en þaðan er eimur leiddur yfir í næsta þrep. Þykknið fer aftur niður eftir fallrörinu, hluti þess fer aftur hringinn en hluti fer yfir í næsta þrep. Þegar seigjan fer að aukast í seinustu þrepunum er oft höfð hringrásardæla í fallrörinu til að auka hringrásina. Þrjár algengustu tegundir gufunartækja eru sýndar á mynd 5.



Mynd 5. Þrjár algengustu tegundir gufunartækja.

Gufunartæki geta starfað á tvennan hátt; sem meðstraumstæki þar sem eimur og efni fara í sömu átt og sem móttstraumstæki þar sem eimur og efni fara hvort á móti öðru. Algengt er einnig að blanda saman þessum tveim gerðum og taka kraftgufuna inn á síðasta þrep þar sem seigjan er mest.

Með því að stilla nákvæmlega saman gufunartækin og aðra hluta verksmiðjunnar má koma því þannig fyrir að ekki þurfi kraftgufu nema inn á eitt þrep gufunartækjanna. Afgangseimur er þá notaður í aðra upphitun og uppgufun.



Mynd 6. 4ra þrepa gufunartæki

Á mynd 6 má sjá 4ra þrepa gufunartæki þar sem soðið kemur inn á annað þrep, fer þaðan á 3. og 4. þrep en þaðan er því dælt inn á fyrsta þrep sem notar kraftgufu. Þetta kallast í daglegu máli 2-3-4-1-tæki, þar sem tölurnar vísa til þeirrar leiðar sem soðið fer í gegnum tækið. Hinsvegar er þrepanum raðað upp eftir leið gufu og eims í gegnum tækið.

Á síðustu árum hefur færst í vöxt að setja glatvarmaþrep fremst í soðkarnatækin. Þá er uppgufunin í byrjun við mjög lágt hitastig og þrýsting sem gerir það mögulegt að nýta varma frá sjóðurum og þurrkurum sem annars fer til ónýtis. Það krefst hinsvegar töluverðrar raforku þar sem mikillar dælingar er þörf.

Á mynd 16 má sjá hvernig undirþrýsting (vakúmi) er náð. Eimurinn er þéttur með vatni eða sjó í tanki sem stendur hátt og vatnsúla frá tanknum sér um að mynda undirþrýstinginn. Frá toppnum á tanknum liggur rör í loftdælu (vakúmdælu) sem dregur út loft og gastegundir sem ekki er hægt að þétta með vatninu eða sjónum. Í stað loftdælnnar eru einnig oft notaðir „þeysar“.

Ef eimurinn sem þéttist í hverju þrepi er við undirþrýsting þarf að dæla þéttivatninu frá þrepinu. Þar sem seigja soðkarnans er mjög háð því hversu mikið er af föstum ögnum í


soðinu er skilvatni úr skilvindum oft skotið aftur fyrir soðkjarnatækin og kjarninn skilinn sérstaklega.

Við hreinsun á tækjunum er yfirleitt notuð sóðalausn, 2-3% sem soðin er í tækjunum. Við og við þarf þó að nota sterkari lausn, 10-15%, til að ná kalsíumfosfatútfellingum sem myndast. Ryðfrí tæki eru oft hreinsuð að lokum með 5% saltpéturssýru. Þar sem sýra og sóði eru töluvert dýr efni eru sömu lausnirnar notaðar nokkrum sinnum.

3.1.1. Rafknúin gufunartæki (MVR)

Á undanförunum árum hefur það færest mjög í vöxt að fiskimjölsverksmiðjurnar fari úr margþrepa gufukeyrðum gufunartækjum yfir í eins þrepa rafknúin gufunartæki. Ástæður þess eru tvíþættar; annars vegar er orkukostnaður almennt lægri og hins vegar eru þessi gufunartæki mun léttari í allri keyrslumeðferð.

Vinnslumáti rafknúinna gufunartækja er þannig að soðinu er dælt inn varmaskipti og þaðan inn á gufunarþrepið og þar er því hringdælt, gufunarþrepinu er deilt upp í tvo hluta, þunn- og þykk-hlið. Eftir því sem soðið þykknar fer það smám saman frá þunnhliðinni yfir á þykk-hliðina og þaðan út af tækinu. Þegar gufunartækið er ræst í upphafi vinnslunnar þarf að nota ferska gufu til að koma hitastiginu upp í vökvanum. Þegar réttu hitastigi er náð hætta tækin að mestu að nota gufu og nýta þess í stað uppgufunina frá gufunartækinu. Þetta gerist með þeim hætti að eimurinn frá soðvökvanum er leiddur að rafknúnum víftum, þar sem honum er lyft upp á hærra orkustig og blásið inn á eimingartækið sem hitagjafi fyrir uppgufunina. Þessi eimur þéttist svo í gufunartækinu og kemur út af þrepinu rétt undir 100 °C (eitthvað lægri í vacumtæki). Þessu þéttivatni er dælt inn á varmaskiptinn og hitar það soðið áður en því er dælt inn á gufunartækið. Þegar þéttivatnið kemur út af varmaskiptinum þá er það um og yfir 85 ° heitt. Þetta er öflugur orkumiðill (25 tonn/klst) sem t.d. Haraldur Böðvarsson hf. notar til upphitunar á sínum húsakosti.



Mynd 7. Þjöppugufari.

Það allra nýjasta í þessum tækjum eru tveggja þrepa MVR gufunartæki frá Atlas-Stord. Þau tæki eru svipuð að upplagi nema hvað uppgufunin á sér stað í tveimur gufunarþrepum. Kosturinn við þessa lausn er sá að við að auka hitaflötinn er hægt að minnka afl viftanna um helming. Þetta getur því orðið áhugaverður kostur fyrir aðila sem búa við herra raforkuverð.

Tafla 3. Orkusamanburður á vinnslubúnaði til að fjarlægja vatn frá hráefni.

Mismunandi kerfi	kJ/kg eimur
Himnusíun	115 - 460
Gufun	395 - 2250
- Eitt þrep	2250
- Tveggja þrepa	1115
- Þriggja þrepa	745
- Fjögra þrepa	535
- Fimm þrepa	395
Þjöppu gufari	75 - 250

3.2. Þurrkun og þurrkarar

Pressuköku, hrati og kjarna er blandað saman fyrir framan þurrkarann og það síðan þurrkað. Einnig er kjarna oft blandað í hálfþurrkað mjöl á milli for- og eftirþurrkara. Ef fituinnihald pressukökunnar er innan hæfilegra marka er auðvelt að þurrka hana. Það er nauðsynlegt að blanda kjarnanum vel saman við pressukökuna vegna þess að léleg blöndun getur valdið því að efnið myndi köggla í aðfærslukerfinu og festist við hitafleti þurrkarans. Við beina þurrkun getur léleg blöndun valdið ójafnri dreifingu um þurrkarann. Ef of mikill soðkjarni er settur saman við pressukökuna geta myndast kúlur í mjölinu. Þessar kúlur halda í sér raka og verður mjölið þá of rakt eftir mölun.

Efnisblandan inniheldur 50-65% vatn. Við þurrkunina gufar hluti vatnsins upp, þannig að mjölið inniheldur 8-10% vatn. Mest af vatninu er laust og óbundið og breytist því auðveldlega í gufu þegar það fær varma frá hitagjafanum. Nokkur hluti vatnsins er fast bundinn í mjölgunnum með eðlis- eða efnafræðilegum hætti eða bundinn söltum í efninu. Þennan hluta vatnsins er erfitt að láta gufa upp.

Þráavarnarefnum er blandað í mjölið til þess að fitan þráni ekki. Þeim er oftast blandað í fyrir framan þurrkarann (200 ppm) og strax eftir þurrkun (200 ppm). Algengasta þráavarnarefnið er ethoxiquen og gengur það undir nokkrum framleiðsluheitum.

3.2.1. Þurrkun

Tvö meginatriði þurrkunarinnar eru að varminn verður að berast að efninu svo að uppgufunin eigi sér stað og rakann verður að fjarlægja frá efninu.


Þurrkara má flokka í tvær megingerðir eftir því hvernig þessum tveimur atriðum er náð. Önnur gerðin er **loftþurrkari**, þar sem varminn flyst með lofti að efninu og loftið tekur upp vatnið sem gufar upp.

Til þessarar gerðar teljast eldþurrkarar og óbeinir loftþurrkarar. Hin gerðin er **snertiþurrkari** en þar streymir varminn frá upphituðum hitafleti og uppgufaða vatnið er sogað burt með lofti. Dæmi um þessa gerð eru gufuþurrkarar.

Þegar mjölgun þornar í loftþurrkara gerist það með þeim hætti að jafnvægi myndast milli vatnsins á yfirborði agnarinnar og vatnsgufunnar í þurrkloftinu. Á meðan laust bundna vatnið nær að flytjast út á yfirborð agnarinnar helst þetta jafnvægi. Meðan jafnvægið helst verður hitastig agnarinnar aldrei meira en svokallað vothitastig þurrkloftsins. Sem dæmi má nefna að ef loftið kemur inn í þurrkarann við 400 °C er vothitastigið um 60 °C en ef loftið er 900 °C er vothitastigið um 75 °C.

